

Hörgársveit  
Vigfús Björnsson  
Pelamerkuskóli  
601 Akureyri

Reykjavík, 12. janúar 2024  
UST202311-154/A.B.  
10.04.02

## Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 - Dalvíkurlína 2.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hörgársveitar dags. 15. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar sem felst í því að strengleið Dalvíkurlínu 2 er færð inn á aðalskipulag auk þess sem lega reiðleiða og göngu- og hjólaleiða er uppfærð.

### Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillöggunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna [www.vatn.is](http://www.vatn.is).

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaaetlun-2022-2027/>. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að aðalskipulag sveitarfélagsins sé **í samræmi** við þá stefnumörkun sem kemur fram í vatnaáætlun sbr. 28. gr. laga um stjórn vatnamála þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Jafnframt vill stofnunin benda á vefsíðuna [www.vatn.is](http://www.vatn.is).

Í greinargerð Landsnets kemur fram að Dalvíkurlína 2 muni þvera nokkur lífrík straumvötn. Þar megi aðallega finna bleikju, sjóbleikju og urriða og eru stærstu árnar Hörgá og Þorvaldsdalsá vinsælar til veiða. Áhrif framkvæmdarinnar á vatnafar og lífríki í vatni munu aðallega vera bundin við framkvæmdartíma, lítil eða nánast engin áhrif verði á rekstartíma.<sup>1</sup>

Mikilvægt er að ofangreint komi fram í greinargerð tillögunnar. Auk þess er mikilvægt að í umhverfisskýrslu sé settur fram umhverfispátturinn vatn/vatnshlot, að viðmiðin séu lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun og settar fram matsspurningar sem fjallar um áhrif tillögunnar á umhverfismarkmið vatnshlotsins.

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdin getur haft áhrif á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins en samkvæmt vatnaáætlun má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Rask á efni (set og möl) úr straumvatnshlotum með tilheyrandi raski getur haft neikvæð áhrif vatnsformfræðilega gæðabætti (t.d. rennsli, dýpi, botngerð, samfellu eða svifaur) og þar af leiðandi neikvæð áhrif á lífríki bæði staðbundið og neðar í vatnshlotum. Jafnframt vekur Umhverfisstofnun athygli á því að umferð vinnuvéla á svæðinu og í vatnshlotinu eykur hættu á mengunarslysum.

Því þarf að meta þau áhrif sem framkvæmdin mun hafa á líffræðilega, eðlisefnafræðilega og vatnsformfræðilega gæðabætti vatnshlotanna. Ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á umhverfismarkmiðum vatnshlotsins þarf framkvæmdaraðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**  
Sverrir A. Jónsson  
**teymisstjóri**

---

1

<https://skipulag.eplica.is/media/attachments/Umhverfismat/1936/%C3%81kv%C3%B6r%C3%B0un%20-%20Styrking%20flutningskerfis%20Lagning%2066%20kV%20jar%C3%B0strengs%20%C3%A1%20milli%20Akureyrar%20og%20Dalv%C3%ADkur.pdf>